

Þýðingar úr norðurlandamálum Þýdd skáldverk á íslensku frá 1960 til 2010

1. Inngangur

Íslendingar hafa löngum litið á sig sem bókaþjóð. Oft er sagt að hvergi í heiminum séu gefnar út jafnmargar bækur ár hvert miðað við höfðatölu og á Íslandi. Þar er átt við bækur útgefnar á íslensku, svo sem skáldrit, fræðirit, rit almenns eðlis og barnabækur, bæði frumsamdar og þýddar úr erlendum málum.

Bókatitlum fjölgar með ári hverju. En í hverju er aukningin fólgin? Er hún fólgin í fleiri frumsömdum verkum á íslensku eða eru fleiri bækur þýddar? Hvers konar bókum fjölgar mest og er kannski meira um endurútgefin verk nú en áður? Hver er þörfin fyrir þýddar bækur og þá hvers konar bækur?

Þýðingar úr erlendum málum yfir á íslensku hafa tíðkast allt frá upphafi ritunar á Íslandi og má þar sem dæmi nefna helgirit og riddarasögur. Í nágrannalöndunum var menntamálið latína fram eftir öldum og lítið fór fyrir þýðingum þar fyrir en ritmáli þjóðtungna óx fiskur um hrygg í kjölfar siðaskiptanna.

Þýðingar á íslensku hafa gegnt stærra hlutverki en að færa þjóðinni inntak þess sem hefur verið hugsað og ritað í heiminum. Samhliða hefur tungumálið, íslenskan, auðgast af glímu þýðendanna við að skapa fræðum heimsins rými og farveg í nýju málsamfélagi þar sem þörf hefur verið á að finna ný orð fyrir framandi hugmyndir og veruleika.

Í þessari grein er ætlunin að fara yfir hvað hefur verið þýtt af skáldverkum úr norðurlandamálum síðustu 50 árin, með áherslu á árin 2000 til 2010, og athuga hvað megi lesa úr þeim upplýsingum. Leitast verður við að greina þá þróun sem kann að hafa orðið í þessum efnunum á tímabilinu 1960 til 2010. Hugtakið „skáldverk“ er

notað hér í merkingunni skáldsaga sem ekki er sérstaklega ætluð börnum eða unglingum, með öðrum orðum fullorðinsbók. Íslensk skáldverk og þýdd skáldverk eru sérstakir flokkar bóka í *Bókatiðindum* Félags íslenskra bókaútgefenda¹, en flokkurinn þýdd skáldverk er að grunni til athugunarefni þessarar greinar.

2. Um þýðingar og bókaútgáfu á Íslandi

Árið 1906 var fjöldi bóka á íslenzku á hverja þúsund íbúa 1,6 – sem er meira en nú tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Árið 1966 hafði fjöldi útgefinna bóka á Íslandi á hverja þúsund íbúa aukizt í 2,7 – sem er svipað og nú í Danmörku og Finnlandi. Árið 2000 var íslenzka talan komin upp í sjö bækur á hverja þúsund íbúa.²

Rétt er að benda á að á þessu tímabili fjölgaði Íslendingum um 344%, úr liðlega 80 þúsundum í rúmlega 319 þúsund,³ svo fjöldi útgefinna bóka hefur vaxið enn meira en ætla mætti í fljótu bragði út frá stuðlinum sem notaður er í tilvitnuninni hér að ofan.

Í tilefni þess að Ísland verður heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt 2011 hefur verið sett upp vefsíðan Sögueyjan Ísland. Þar er meðal annars hægt að finna tölur um bókaútgáfu á Íslandi, sem sjá má í töflu 1.

Samkvæmt upplýsingum af vefsíðunni Sögueyjan Ísland seljast árlega um 2,5 milljónir bóka hér á landi og fjöldi fánlegra titla er um 12.000. Að meðaltali kaupir hver Íslendingur átta bækur á ári og 64,5% kaupa að minnsta kosti eina bók árlega.⁴

Þó að Íslendingar eigi og hafi átt bæði marga og góða rithöfunda

¹ *Bókatiðindi*. Reykjavík: Félag íslenskra bókaútgefenda, 2000–2010, www.bokautgafa.is [sótt 2. desember 2010]. Framvegis talað um *Bókatiðindi* þegar vísað er til þessarar heimildar í meginmáli.

² Þorvaldur Gylfason, „Þegar Ísland var Gana“, *Þróunarmál, fréttabréf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands*, 2008, <http://www3.hi.is/~gylfason/Gana2008.pdf> [sótt 07. desember 2010].

³ „Tölur um mannfjölda á Íslandi“, Hagstofan, <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Yfirlit> [sótt 10. desember 2010]. Þann 1. janúar 1906 var mannfjöldinn 81.026; 1966: 193.919; 2000: 279.049 og 2009: 319.368.

⁴ „Sögueyjan Ísland“, http://www.sagenhaftes-island.is/media/pdf/PK071010_Sogueyjan_Island.pdf [sótt 10. desember 2010].

Tafla 1. Bókaútgáfa á Íslandi sl. fimm ár.

Ártal	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi útgefnna titla á ári	1453	1550	1627	1637	1674
Þar af þýðingar	397	397	463	420	ekki uppgafið

Heimild: Sögueyjan Ísland, <http://www.sagenhaftes-island.is/> [sótt 10. desember 2010].

og skáld af öllu tagi, hefur skipt Íslendinga miklu máli að hafa aðgang að bókmenntum annarra þjóða. Þar hafa komið til þýðendur, sem hafa veitt menningu annarra heimshluta inn í vitund þjóðarinnar og auðgað bæði anda og tungu. Ástráður Eysteinnsson rekur í bók sinni *Tvímæli* að þegar farið var að prenta veraldlegt efni hér á landi með upplýsingunni, hafi menn reynt að fylla í tómarúm á sviði bókmennta með þýðingum. Samtímis hafi þeir sem mestu eða öllu stjórnðu í íslensku prentverki á þessu tímabili beitt áhrifum sínum varðandi hvað prentað var og átti það ekki síður við um þýðingar en annað efni. Það sé því umhugsunarefni hvað ekki hafi ratað í bækur á Íslandi.⁵ Um þýðingar Jóns Þorlákssonar og Sveinbjarnar Egilssonar, sem eru taldir veigamestir þýðenda upplýsingarinnar, er svo sagt:

Með þýðingum sínum sinna þeir Jón og Sveinbjörn mikilli og ákafri könnun á tjáningarhæfni og möguleikum nútíma-íslensku, tungumáls sem stendur á fornum merg, en verður að vera þess megnugt að innbyrða aðrar hefðir eigi íslensk menning að geta mætt umheimi sem færast stöðugt nær. [...] hann [Sveinbjörn] opnar hinum forngríska arfi leið inn í íslenska tungu [...] Hann þurfti að láta íslenskuna mæta hugsun og tjáningu sem var henni framandi, [...]⁶

Það er liðin tíð að geðþótti eins eða örfárra einstaklinga ráði alfarið hvað sé útgefið af bókum á Íslandi. Nú á tímum er tæknin slík að nánast hver sem er getur gefið út sínar eigin bækur. En það er engu

⁵ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, Reykjavík: Háskólaútgáfan/Bókmenntafræðistofnun, 1996, bls. 68–71.

⁶ Sama rit, bls. 71.

minni þörf en áður fyrir fólk sem getur látið íslenskuna mæta hugsun og tjáningu sem er henni framandi.

Áhyggjur dagsins í dag beinast öllu fremur að því hvort þýðendur séu starfi sínu vaxnir og gildir það vísast hvar sem er í heiminum. Danski þýðandinn Thomas Harder telur að þótt flestir þýðendur séu góðir, séu allt of margir sem ekki uppfylli eðlilegar kröfur. Að hans mati verða þýðendur og forlög að taka á þessum málum og bendir jafnframt á að umræða og gagnrýni sé af hinu góða.⁷ Harder hefur miklar áhyggjur af samdrætti í tungumála- og túlkanámi í Danmörku. Menn horfi æ meira til ensku sem *lingua franca* og þeim fari ört fækkandi sem hafi staðgóða kunnáttu í frönsku eða þýsku og leitun sé að einstaklingum sem sleipir séu í báðum tungumálunum.⁸

Ég tel að margir deili þessum áhyggjum með Harder. Hér á Íslandi hafa áherslur í námskrá varðandi tungumálakennslu breyst og reynsla margra kennara er að viðhorf nemenda til að lesa sér til á erlendum málum séu yfirleitt frekar neikvæð.⁹ Efla þarf þýðingastarf til að mæta þörfum þeirra sem ekki geta lesið sér til gagns á erlendum tungum, og jafnframt að auka tungumálakennslu til að fleiri verði færir um að þýða af erlendum tungum á íslensku.

Oft er talað um að Íslendingar hafi hér fyrir á árum almennt lesið dönsku sér til gagns.¹⁰ Sú færni virðist ekki hafa gengið til næstu kynslóða, en markaður fyrir lesefni áfram verið til staðar og þýðingar á skáldsögum úr dönsku eða öðrum norðurlandamálum því fallið í góðan jarðveg. Mér er ekki kunnugt um að gerð hafi verið athugun á því hversu mikið Íslendingar lesa á erlendum tungumálum og þá hvaða tungumálum. Það má varpa fram þeirri hugmynd, að um leið og kunnátta almennings í ákveðnu tungumáli

⁷ Thomas Harder, *Mellem to sprog. Om oversættelse, tolkning, sprogpolitik, og hvorfor det er bedre at være tosproget end tvetunget*, Kaupmannahöfn: Museum Tusulanums Forlag, 2010, bls. 60.

⁸ Sama rit, bls. 36.

⁹ Kennarar heyrast oft kvarta yfir því að nemendur veigri sér í æ ríkari mæli við að lesa náms efni á erlendum málum – á það væntanlega jafnt við um ensku sem önnur tungumál. Það er hugsanlega ávisun á meiri þörf fyrir þýðingar. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafðis Ingvarsdóttir hafa gert rannsókn um tengt efni og má lesa um niðurstöður þeirra í greininni „Coping with English at University. Students' Beliefs“, <http://netla.khi.is/menntakvika2010> [sótt 31. desember 2010].

¹⁰ Hér má vísa til þess að dönsk vikublöð áttu marga dygga lesendur hér á landi langt fram eftir síðustu öld.

verður minni, í þeim skilningi að færri treysti sér til að lesa bækur ritaðar á því, þá verði ríkari tilhneiging en áður til að þýða dægurbókmenntir úr þessu tiltekna tungumáli.¹¹ Þetta má til sanns vegar færa varðandi norðurlandamálin. En þegar kemur að ensku sem er það erlenda tungumál sem flestir Íslendingar virðast skilja, þá er bæði mikið framboð á bókum á ensku og bókum þýddum úr ensku hér á landi. Þetta samspil tungumálakunnáttu og þýðinga er málefni sem væri full ástæða til að kanna betur. Hér má geta þess að árið 2010 voru þýddar á íslensku 160 bækur úr ensku og 53 úr norðurlandamálunum, þar af flestar úr sænsku, eða 37.

Hér verður athyglinni einkum beint að þeim bókum sem þýddar hafa verið á íslensku úr öðrum norðurlandamálum, hversu mörg skáldverk hafa verið þýdd, hvers konar skáldverk það eru og hvers vegna einmitt þau hafi orðið fyrir valinu og jafnframt kanna hvaða þróun má greina undangengin 50 ár. Hugsanlega má greina einhverja tískustrauma milli áratuga. Það gæti verið áhugavert að skoða hvort svo er og þá af hvaða rót slíkir tískustraumar eru runnir. Einnig vekur það spurningar um hvort þeir séu í takt við alþjóðlega strauða og loks hvort þessara strauða gæti í íslenskum skrifum.


Tímabilið 2000 til 2010 er þungamiðja þessarar athugunar. Svo vill til að *Bókatiðindi* Félags íslenskra bókaútgefenda spanna þetta árabil og því kjörið að byggja á upplýsingum sem þar koma fram. *Bókatiðindin* eru gefin út í nóvember eða desember ár hvert og dreift á öll heimili landsins. Þar er að finna yfirlit yfir bækur frá 42 útgefendum í 9 mismunandi flokkum fyrir árið 2010 og þau hljóta að teljast sá vettvangur sem gefur besta yfirlitið yfir útgáfu ársins á sviði skáldverka.

Til að setja hlutina í samhengi er rétt að byrja á að athuga hve mörg skáldverk eru frumsamin á íslensku árlega og bera saman við fjölda þýddra skáldverka úr öllum tungumálum og síðan hve stór hluti þeirra er þýddur úr norðurlandamálum.

Ekki er hægt að tala um þýðingar úr erlendum málum án þess að geta bóka sem flestir hafa heyrt um en færri vilja kannast við að hafa lesið, og koma heldur ekki við sögu í *Bókatiðindum*. Hér er átt við Rauðu seríuna, afþreyingarbækur, sem hafa verið gefnar út á íslensku frá því um miðjan níunda áratuginn og var heildarfjöldi titla

¹¹ Engar heimildir eru hér til stuðnings, enda einungis tæpt á hugmynd sem vert væri að kanna nánar.

í árslok 2010 orðinn 1.351.¹² Bækurnar skiptast í fimm flokka: ást-arsögur, örlagasögur, ást og afbrot, sjúkrahússögur og tímarit mán-aðarins.¹³ Mánaðarlega kemur út ein bók í hverjum flokki, allar þýddar úr ensku. Alls eru þetta 60 titlar á ári og slagar sú tala hátt í meðalfjölda frumsaminnna skáldverka á íslensku annars vegar og þýddra skáldverka ár hvert hins vegar. Meðalfjöldi íslenskra skáld-verka útgefinna 2000 til 2010 er 66 titlar á ári. Meðalfjöldi þýddra skáldverka sama tímabils er 62,7, samkvæmt *Bókatiðindum*.



Mynd 1: Fjöldi frumsaminnna skáldverka á íslensku borinn saman við fjölda þýddra skáldverka alls og fjölda skáldrita þýddra úr norðurlanda-málum fyrir árin 2000 til 2010.

Heimild: Þessar tölur eru unnar upp úr upplýsingum í *Bókatiðindum*, www.bokautgafa.is [sótt 2. desember 2010]. Til samanburðar er hér einnig sýndur fjöldi þeirra titla sem hafa komið út af Rauðu seríunni, www.raudaserian.is [sótt 30. desember 2010].

Mynd 1 sýnir heildarfjölda skáldrita sem voru samin á íslensku og útgefin á ellefu ára tímabili, 2000 til 2010 samkvæmt því sem fram kemur í *Bókatiðindum* sömu ára, þýddra skáldverka á íslensku árin 2000 til 2010 og heildarfjölda skáldverka sem þýdd voru úr norðurlandamálum, þar með taldar bækur þýddar úr finnsku og færeysku. Tafla 2 sýnir til viðbótar hvert hlutfall norðurlandabóka er af heildar-

¹² Tölurnar eru unnar úr upplýsingum í Gegni, www.gegnir.is [sótt 11. desember 2010]. Gegnir hefur verið notaður til að afla upplýsinga um verk, útgáfuár, fjölda og fleira þess háttar og á það við í öllum tilfellum þar sem vísað er til *Bókatiðinda* sem heimildar.

¹³ „Rauða serían“, Ásútgáfan, Reykjavík, www.raudaserian.is [sótt 30. desember 2010].

Tafla 2. Tölur yfir útgáfu skáldrita sem getið er í Bókatiðindum, auk útgáfu Rauðu seríunnar, en í henni eru eingöngu skáldsögur þýddar úr ensku.

Ártal	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Alls
Skáldrit á isl.	55	53	62	45	57	70	64	81	75	84	80	726
Öll þýdd skáldverk	51	36	40	44	63	70	65	80	85	79	77	690
Þýðingar af Norðurlanda- málum	10	8	7	10	16	18	12	17	11	25	28	162
Hlutfall Norðurlanda- bóka af heild	19,6%	22,2%	17,5%	22,7%	25,4%	25,7%	18,5%	21,3%	12,9%	31,6%	36,4%	23,4%
Rauða serían	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60	660

þýðingum skáldverka ár hvert. Lægst var hlutfallið 2008, eða 12,9%, en fer í 31,6% strax árið eftir og metárið 2010 fer hlutfallið í 36,4%. Heildarfjöldi¹⁴ íslenskra skáldverka 2000 til 2010 er samkvæmt *Bókatiðindum* 726, þýdd skáldrit sama tímabils voru 690, þar af þýdd úr norðurlandamálum 162, eða 23,4%.

Erfiðara er að finna heimildir fyrir framboði á erlendum bókum, og er það að mestu byggt á huglægu mati, en í bókabúðum á Íslandi er meira framboð skáldrita á ensku en öðrum tungumálum, megnið í kiljum, en þó fást líka innbundnar bækur. Lítið framboð er á skáldritum á öðrum erlendum málum. Leitun er að bókum á frönsku, þýsku, spænsku eða norðurlandamálum. Sem dæmi má taka, að bækur um Múmínálfana er hægt að kaupa á ensku, en ekki sænsku og að bækur Stiegs Larssons voru í fyrstu aðeins fáanlegar í enskri þýðingu hér á landi.

Áður fyrr var hægt að ganga að þokkalegu framboði á bókmenntum Norðurlanda á þess tíma mælikvarða, og reyndar mátti stundum finna bækur, jafnvel bókaflokka, þýddar af ensku á norðurlandamál. Ég minnst þess að hafa kynnst Agöthu Christie

¹⁴ Hér má reikna með smávegis skekkju, þar sem nokkrir titlar eru tvítaldir, þ.e. útgáfa í harðspjaldaformi telst sérstakur titill árið sem hún kemur út og útgáfa í kiljuformi kemur líka fram sem sérstakur titill, oft ári síðar. Þetta gildir jafnt um norrænar bækur sem aðrar svo það hefur lítil áhrif þegar á heildina er lítið.

með því að kaupa nokkrar kiljur á dönsku í Máli og menningu á viðráðanlegu verði fyrir menntaskólanema. Það þótti sjálfsagt á þeim árum að flestir Íslendingar gætu lesið dönsku og má í því samhengi minna á vinsældir dönsku blaðanna. Á þeim tíma var heldur ekki jafn mikið úrval af skáldritum á ensku og nú, líkt og áður er getið.

Smátt og smátt minnkaði framboð á bókum á norðurlandamálum. Þau skáldverk sem lesin eru í framhaldsskólum hafa nánast verið það eina sem hægt hefur verið að nálgast á þeim tungumálum. Bókasafn Norræna hússins hefur séð íbúum höfuðborgarsvæðisins fyrir ákveðnu úrvali af norrænum bókum og sum almenningsbókasöfn bjóða upp á þokkalegt úrval skáldrita á ýmsum erlendum málum auk ensku.


Upp á síðkastið er farið að bera á sakamálasögum á norðurlandamálum í bókaverslunum, einkum á sænsku. Helst það í hendur við miklar vinsældir glæpasagna sem ekki sér fyrir endann á. Sænskir höfundar hafa þar verið áberandi og munar þar kannski mestu um vinsældir bóka Stiegs Larssons. Einnig er hlutur norrænna kvenna drjúgur í þessum efnum og má í því samhengi nefna hugtakið *femi-krimi*, sem vísar bæði til þess að bækurnar eru skrifaðar af konum og hafa femíníska nálgun. Raunar eru skandinavískir kvenhöfundar þarna að feta í fótspor kvenna úr öðrum heimshlutum og verður sú saga ekki rakin hér.

3. Þýðingar úr norðurlandamálum á íslensku

Í þessum kafla verður fjallað um þýðingar úr norðurlandamálum á íslensku, fyrst árin 2000 til 2010 þar sem hvert ár er tekið fyrir sig og síðan þýðingar frá 1960 til 2010, en þar er fimmta hvert ár tekið til greiningar.

Á mynd 2 og töflu 3 eru bækurnar flokkaðar eftir þeim tungumálum sem þýtt er úr.¹⁵

¹⁵ Raunar verður að taka einn höfund, Margit Sandemo, út úr samanburðinum, þar sem aðeins er getið um 18 af 60 bókum hennar í *Bókatiðindum* og auk þess komu þessar 60 bækur út á sex ára tímabili og hljóta þar með að skekkja allan samanburð.



Mynd 2: Fjöldi þýddra skáldverka úr norðurlandamálum ár hvert á tímabilinu 2000 til 2010 samkvæmt upplýsingum sem unnar voru upp úr *Bókatiðindum* 2000 til 2010. (Bækur eftir Margit Sandemo eru ekki talðar með.)

Tafla 3. Sýnir fjölda skáldverka þýddra úr norðurlandamálum og hvernig innbyrðis skipting er eftir tungumálum, hér er um nettó fjölda að ræða, þ.e. útgáfa á kiljuformi er ekki talin með þegar áður hefur komið út harðspjaldaútgáfa. (Bækur eftir Margit Sandemo eru ekki talðar með).

Ártal	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Fjöldi alls	Hlutfall
Danskar	5	2	0	1	0	2	1	2	2	1	4	20	15,5%
Norskar	2	0	2	3	2	3	3	4	3	3	5	30	23,2%
Sænskar	2	5	5	5	9	9	2	3	6	9	14	69	53,5%
Finnskar	1	0	0	1	2	1	0	0	0	2	1	8	6,2%
Færeyskar	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0	2	1,6%
Alls:	10	7	7	10	13	16	7	9	11	15	24	129	100%

Hér að ofan má sjá nokkrar sveiflur í fjölda þýðinga úr dönsku milli ára og eru þær frá fimm og niður í núll. Meiri stöðugleiki er í þýðingum úr norsku og eru þær í heild þriðjungi fleiri en þær dönsku. Bækur þýddar úr finnsku ná ekki því meðaltali að vera ein á ári og þær færeysku rétt komast á blað. Fjöldi þýðinga úr sænsku er mun meiri, þótt þar hafi líka verið sveiflur milli ára.

Ríflega helmingur bóka þýddra úr norðurlandamálum á þessum ellefu árum eru upphaflega skrifaðar á sænsku og er þó ekki allt talið. Í *Bókatiðindum* áráanna 2005 til 2010 er getið átján bóka eftir sænsk-norska höfundinn Margit Sandemo, eða 20,5% allra sænskra bóka, sem þar eru skráðar á því tímabili sem til athugunar er. Við nánari skoðun kom í ljós að í Gegni eru skráðar mun fleiri bækur eftir Sandemo frá þessu sama tímabili, eða alls 60. Af þeim hafa 49¹⁶ verið gefnar út áður (1982–1989) og hafa nú verið endurþýddar, en ellefu eru gefnar út í fyrsta sinn. Bækur Sandemo hafa nokkra sérstöðu í bókaútgáfu landsins. Um er að ræða stóra bóka-flokka, þar sem út hafa komið frá tveimur og upp í sautján bækur á ári. Útgáfa sem þessi skekkir heildarmyndina og er þess vegna tekin út úr beinum samanburði. Að bókum Sandemo meðtöldum hafa 189 bækur verið þýddar úr norðurlandamálum á undanförunum ellefu árum, þar af 129 úr sænsku. Hlutfall þýðinga úr sænsku væri þá 68,3% en ekki 53,5% eins og fram kemur í töflu 3 hér að framan.


Til að greina hvað er þýtt úr norðurlandamálum og hvort breytingar hafi orðið á hef ég ákveðið að flokka þýddar bækur í fjóra flokka eftir efnistöku: spennu- og sakamálasögur, fagurbókmenntir¹⁷, ástarsögur og annað. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig skiptingin er.

Á mynd 3 sést glögggt að þýddum spennu- og sakamálasögum fjölgar á árabílinu 2000 til 2010. Aðeins ein bók fellur í þann flokk árið 2000, síðan eru þær þrjár til fimm næstu árin og frá 2007 er aukningin frá þremur það árið og upp í átján árið 2010. Á meðal höfunda á þessum lista eru: Svíarnir Liza Marklund, Camilla Läckberg, Stieg Larsson, Henning Mankell og Lars Kepler; Norðmennirnir Jo Nesbø, Tom Egeland og Karin Fossum; Danirnir Sara Blædel, Leif Davidsen, Lotte og Søren Hammer og loks Færeyingurinn Jógvan Isaksen. Finnar eiga engan fulltrúa í þessum flokki.

Í flokki fagurbókmennta sker árið 2005 sig úr, en þá voru þýddar tólf bækur, fæstar voru þær 2001 og 2006, þrjár hvort ár. Á meðal höfunda bóka í þessum flokki eru: Færeyingurinn William

¹⁶ Öll 47 bindin í Sögu Ísfélksins og tvær fyrstu bækurnar um Galdrameistarann.

¹⁷ Hugtakið fagurbókmenntir er hér notað til að tákna skáldverk, sem ekki fellur í ákveðinn flokk efnislega, svo sem ástarsögur eða sakamálasögur. Hér vantar hlutlaust orð eða hugtak sem betur gæti hentað í þessu samhengi.



Mynd 3: Dreifing þýðdra bóka úr norðurlandamálum 2000 til 2010 eftir efnisflokkum.

Heimild: Bókatiðindi árána 2000 til 2010.


Heinesen (sem skrifaði á dönsku); Norðmennirnir Knut Hamsun og Anne B. Ragde; Danirnir Hermann Bang og Johannes V. Jensen; Svíarnir Kerstin Ekman, Per Olof Enquist, Marianne Fredriksson og Finnarnir Sofi Oksanen og Väinö Linna.

Undir flokkinn ástarsögur falla einungis tvær bækur og eru þær eftir danska höfundinn Bodil Forsberg. Bækur af svipuðu tagi komu út í tugatali á seinni hluta 20. aldar og verður vikið að þeim síðar. Í flokknum annað eru tvær bækur sem ekki rúmast innan hinna flokkanna.

Hér á undan hefur verið rætt um þýðingar undanfarinna ellefu ára og hvernig þróunin hefur verið á því tímabili, sem einkum ein-kenndist af auknum þýðingum á spennu- og sakamálasögum. Í þessum hluta verður tekið fyrir mun lengra tímabil, frá 1960 til 2010 en hér verður stiklað á stóru og einungis skoðaðar útgefnar þýðingar árána 1960 til 2010 á hverju fimm ára bili til að athuga hvort megi sjá einhverja langtímaþróun.

Fyrir árin 1960 til 1990 var ekki unnt að styðjast við *Bókatiðindi*, heldur alfarið leitað á náðir Gegnis.¹⁸ Afraksturinn má sjá á mynd 4 hér að neðan þar sem þýðingar eru flokkaðar eftir tungumálum.

¹⁸ www.gegnir.is. Hér var leitað eftir þýðingum úr einstökum tungumálum og síðan kannað hverjar þeirra féllu í flokkinn skáldverk.



Mynd 4: Fjöldi skáldverka þýðdra úr norðurlandamálum fimmta hvert ár 1960 til 2010.

Á mynd 4 má greina áhugaverða þróun. Árið 1960 voru einungis fjögur skáldverk þýdd úr norðurlandamálum, tíu fimm árum seinna, fækkar svo aftur í fjögur 1975. 1980 voru 20 bækur þýddar, síðan lækkar talan aftur, fæstar voru þær árið 2000, tíu alls. Eftir það fjölga þeim á ný. Athyglisvert er að sjá hvaða hlutfall hvert tungumál á í þessum þýðingum og hvernig það breytist á milli ára. Danska og norska eru ráðandi lengi vel, en sænskan hefur tekið stökk á 21. öldinni og nær nú þeim hæðum sem danskan hafði 1980.

Í töflu 4 og mynd 5 hér að neðan hef ég skipt þýðingunum í fimm flokka. Líkt og áður eru flokkarnir tengdir efnistöfum og hefur flokkurinn „bókaflokkar“ bæst hér við. Í hann falla þau verk sem áður hefur verið haldið utan við tölulegar samantektir. Á þeim árum sem rannsóknin nær til voru útgefnir þrjú bókaflokkar og þar sést fjöldi útgefna bóka í samanburði við aðra flokka.


Árið 1960¹⁹ voru gefnar út fjórar skáldsögur þýddar úr norðurlandamálum, þrjár teljast til fagurbókmennta, þar af ein eftir Knut Hamsun og auk þess ein ástarsaga.

Tíu bækur voru þýddar árið 1965. Meðal höfunda það ár voru Jørgen-Frantz Jacobsen, Sigrid Undset, Tarjei Vesaas og Selma

¹⁹ Þetta ár voru gefin út 19 skáldverk eftir Gunnar Gunnarsson í 8 bindum undir heitinu *Skáldverk*. Þar af voru 16 frumsamin á dönsku. Þýðanda var ekki getið en öll verkin höfðu áður verið gefin út á íslensku og verða því ekki frekar til umfjöllunar í þessari grein. Sama gildir um bækur sem komu út eftir Gunnar Gunnarsson 1970 og 1980, þýddar af höfundi.

Tafla 4. Flokkun skáldrita eftir efnistöku. Byggt á upplýsingum úr Bókatiðindum og Gegni.

Ártal	1960	1965	1970	1975	1980	1985	1990	1995	2000	2005	2010
Spennu- og saka- málas.	0	0	0	0	2	1	0	3	1	4	18
Fagurbókm.	3	5	5	1	3	3	7	9	8	10	6
Ástarsögur	1	2	2	2	12	8	6	3	1	0	0
Annað	0	3	1	1	3	1	3	0	0	2	0
Samtals	4	10	8	4	20	13	16	15	10	16	24
Morgan Kane-bókaf.					7	6	3				
Sandemo-bókaflokkar						8		1		2	17
Dætur lífsins								5			
Ný samtala	4	10	8	4	27	27	19	21	10	18	41



Mynd 5: Flokkun þýddra skáldrita eftir efnistöku. „Bókaflokkar“ sýna útgáfu bókaflokka á athugunartíma (Morgan Kane, Dætur lífsins og svo bækur úr bókaflökkum eftir Margit Sandemo).

Lagerlöf. Átta bækur voru þýddar árið 1970, þar af tvær ástarsögur, söguleg skáldsaga og stríðsbók. William Heinesen og Klaus Rifbjerg áttu sína bókina hvor. En 1975 voru einungis fjórar bækur þýddar, allar úr dönsku. Þar má nefna til höfundana Morten Korch og Ragnheiði Ólafsdóttur. Árið 1980 var metár með tuttugu þýdd skáldverk úr norðurlandamálum, þar af tólf ástarsögur og fjórar

spennu- og sakamálasögur. Ein hinna þýddu bóka var eftir William Heinesen og tvær úr tímamótaritröð eftir Sjöwall og Wahlö, *Saga um glæp*. Þar fyrir utan voru þýddar sjö bækur í norska bóka-flokknum um Morgan Kane.

Fimm árum síðar, 1985 voru þrettán bækur þýddar. Þar má nefna til sögunnar Knut Hamsun, Dan Turéll og Antti Turi með fyrstu finnsku skáldsöguna sem kemst á blað í þessari úttekt. Þar til viðbótar má nefna sex bækur um Morgan Kane og átta bækur eftir Margit Sandemo (Ísfólkið), sem gerir rúman helming þýddra skáldsagna það árið.

Þá voru sextán bækur þýddar árið 1990 þar á meðal ein eftir Antti Tuuri, tvær eftir Herbjørg Wassmo og ein eftir Martin Andersen Nexø. Þá eru þarna sex ástarsögur, ein stríðssaga, tvær bækur úr bókaflokknum um stúlkuna Raiju og þar að auki þrjár Morgan Kane-bækur.

Fjöldi þýðinga 1995 var svipaður, en það ár voru fimmtán bækur þýddar. Þar er að finna höfunda eins og Henrik Ibsen, Kerstin Ekman, Peter Høeg og Leena Lander. Að auki má hér telja einn titil eftir Margit Sandemo og 5 bækur úr bókaflokknum Dætur lífsins.

Árið 2000 komu út tíu þýddar bækur, þar af átta sem telja má til fagurbókmennta, Kerstin Ekman, William Heinesen, Martin A. Hansen og Aleksis Kivi eru þar meðal höfunda og auk þess ein sakamálasaga.

Sextán bækur komu út árið 2005, þar af 4 sakamála- eða glæpa-sögur, þrjár sænskar og ein norsk. Meðal höfunda eru Johannes V. Jensen, Pero Olof Enquist, Kerstin Ekman, Lars Saabye Christensen og Kari Hotakainen. Loks má telja tvær bækur eftir Sandemo.

Árið 2010 voru 24 bækur þýddar úr norðurlandamálum, þar af sex sem teljast til fagurbókmennta. Knut Hamsun, Sofi Oksanen, Vilhelm Moberg og Anne B. Ragde eru þar meðal höfunda en athygli vekur að átján sakamálasögur eru þýddar og er það metfjöldi.

Fjöldi ástarsagna náði hámarki 1980, en tíu árum síðar hafði þeim fækkað um helming. Blómaskeið þeirra virðist hafa verið frá miðjum áttunda áratugnum og fram undir 1995, en fljótlega eftir það var nánast hætt að þýða slíkar sögur úr norðurlandamálum. Að langmestum hluta er um að ræða þýðingar úr dönsku, níu af tólf

ástarsögum árið 1980, sex af átta árið 1985 og hin árin sem til athugunar eru voru slíkar sögur einungis þýddar úr dönsku.

Athygli vekur að þessar sögur eru að mestu leyti úr smiðju sex höfunda og þeirra þekktastir eru líklega Ib H. Cavling og Bodil Forsberg. Nöfn þessara sex höfunda koma ítrekað upp við fljótlega athugun á þýðingum þeirra ára tímabilsins sem ekki eru til sérstakrar athugunar í þessari grein. Hér er þó ekki um eiginlega bóka-flokka að ræða þar sem sömu aðalpersónur koma ítrekað við sögu, en einhver hluti þessara sagna hefur verið gefinn út hér á landi sem Rauðu ástarsögurnar.

Um miðjan níunda áratuginn fóru að koma mánaðarlega út ástarsögur í ódýru broti, þýddar úr ensku og má vera að sú útgáfa hafi yfirtekið þann markað sem dönsku ástarsögurnar höfðu. Vera má að ekki hafi verið af meiru að taka varðandi ofangreinda sex höfunda og útgefendur farið að leita á önnur og öðru vísi mið.²⁰

Sakamálasögur, eins og við þekkjum þær nú, koma fyrst við sögu í þessu yfirliti árið 1980. Nýlunda þótti þegar hjónin Sjöwall og Wahlö höfu að skrifa röð sakamálasagna, tíu talsins þar sem umfjöllun um afbrot og rannsóknir á þeim voru notaðar sem spegill á þjóðfélagið. Fyrsta bókin kom út í Svíþjóð 1965, en var ekki þýdd á íslensku fyrr en 1977. Bækurnar komu svo út hver af annarri næstu árin á eftir. Reyndar er verið að endurútgefa þær þessi árin, og komu tvær þeirra út 2010.

Útgáfa sakamálasagna hefur vaxið hröðum skrefum á Norður-löndunum undanfarin ár og hafa íslenskir höfundar ekki verið eftirbátar annarra í þeim efnum. Árið 2000 var aðeins ein norræn sakamálasaga gefin út í íslenskri þýðingu en undir lok fyrsta áratugar aldarinnar fjölgaði þýðingum á sakamálasögum og voru nítján norrænar spennu- og sakamálasögur gefnar út 2010.

Í flokkinn „annað“ eru sett þau verk sem erfitt er að flokka í einhvern hinna þriggja. Að auki eru sýndar í töflunni bækur sem eru hluti af bókaflokkum og því ekki taldar með í heildarútreikningum á útgáfu einstakra ára. Þessar bækur hafa verið gefnar út í skorpum og ná því nokkrum fjölda þau ár sem útgáfa bókaflökksins stendur yfir. Hér eru það Morgan Kane²¹ (norskur) og Sandemo-bækur (sænskar).

²⁰ Við lauslega athugun kom í ljós að alls hafði 131 ástarsaga verið þýdd úr dönsku á árunum 1969 til 2001.

²¹ 74 titlar úr bókaflokknum komu út á árunum 1976 til 1993.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall fagurbókmennta af heildarfjölda skáldverka þýddra úr norðurlandamálum athugunarárinn. Ef bóka-flokkar eru ekki taldir með þá eru fagurbókmenntir 50,3% af heildinni.

Ártal	1960	1965	1970	1975	1980	1985	1990	1995	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Allar bækur	4	10	8	4	20	13	16	15	10	7	7	10	13	16	7
Fagurbókmenntir	3	5	5	1	3	3	7	9	8	3	4	7	8	12	3
Hlutfall	75%	50%	63%	25%	15%	23%	44%	60%	80%	43%	57%	70%	62%	75%	43%

Nokkuð hefur verið um að bækur útgefnar á árunum 2000 til 2010 hafi áður birst á íslensku. Endurútgefin skáldverk, þýdd úr sænsku, eru meðal annars *Vesturfarnir*²² eftir Vilhelm Moberg, áður útgefin 1959, og hins vegar tvær bækur úr bókaflokki Sjöwall og Wahlöö²³ sem fyrst voru gefnar út 1977 og 1978. *Sultur* eftir Knut Hamsun var þýdd úr norsku og gefin út á Íslandi 1940. *Við veginn* eftir Herman Bang var þýdd úr dönsku 1964, *Glataðir snillingar*²⁴ Williams Heinesens kom út á íslensku 1984 og bók Finnans Väinö Linna *Óþekkti hermaðurinn*²⁵ var þýdd 1971. Bækurnar sem hér eru taldar upp eiga það sameiginlegt að vera eftir mikils metna höfunda, en forsendur fyrir endurútgáfu ólíkar. Þá er ótalinn bókaflokkurinn um Ísfólkið og fleiri bækur Margit Sandemo frá níunda áratugnum, sem nú hafa verið þýddar að nýju og endurútgefnar.

Tafla 5 sýnir fjölda og hlutfall fagurbókmennta af skáldverkum þýddum úr norðurlandamálum frá 1960 til 2010. Enga reglu eða mynstur er að sjá í tölunum en sveiflur eru talsverðar. Enn má undirstrika, að ekki er um

²² Hið fyrsta úr fjögurra binda verki, væntanlega liður í fyrstu heildarútgáfu verksins á íslensku þar sem 2. bindið er þegar komið út.

²³ Um er að ræða endurútgáfu á sakamálasögum, sem nutu hylli fyrir tveimur áratugum, og sem hugsanlega er verið að máta inn í núverandi vinsældir glæpasagna.

²⁴ Bókin *De fortabte spillemænd* var fyrst þýdd á íslensku af Guðfinnu Þorsteinsdóttur undir heitinu *Slagur vindhörpunnar*, Reykjavík: Mál og menning, 1956. Í þýðingu Þorgeirs Þorgeirssonar hlaut hún titilinn *Glataðir snillingar*. Reykjavík: Mál og menning, 1984.

²⁵ Väinö Linna, *Óþekkti hermaðurinn*, þýð. Jóhannes Helgi, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1971. Í nýrri þýðingu Sigurðar Karlssonar ber hún titilinn *Óþekktur hermaður*, Akranes: Uppheimar, 2010.

mikinn fjölda að ræða í heild og því vegur hver titill hlutfallslega mikið. Lægst er hlutfallið árið 1980, eða 15%, en hæst árið 2000, eða 80%. Í sjö tilvikum er hlutfallið undir 50%, en í átta tilvikum yfir 50%.

Hér má aðeins staldra við og velta fyrir sér hvaða hugmyndir mætti gera sér um það hvaða verk norrænna höfunda væri eðlilegt og sjálfsagt að þýða á íslensku. Nærtækt er að ætla að skáldverk sem tilnefnd eru til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs²⁶ hverju sinni myndu hafna á þeim lista og verðlaunabækurnar nokkuð örugglega. Raunin er önnur. Frá upphafsári verðlaunanna 1962 hafa fimmtíu bækur verið verðlaunaðar, þar af sex íslenskar. Af hinum 44 hafa aðeins þrettán verið þýddar á íslensku. Reyndar eru allnokkrar ljóðabækur á listanum og snúnara þykir að þýða ljóð en laust mál, þó er vart hægt að horfa fram hjá því að þrettán af 44 er nokkuð lágt hlutfall, eða tæplega 30%.

Af þessum þrettán verðlaunabókum sem þýddar hafa verið á íslensku eru tvær danskar, ein færeysk (skrifuð á dönsku), þrjár finnskar, þrjár norskar og fjórar sænskar. Segja má að skipting milli tungumála sé nokkuð jöfn en ekki verður það sama sagt um dreifingu verkanna í tíma. Á sjöunda áratugnum voru þrjár bækur þýddar, tvær á þeim áttunda, fjórar á þeim níunda, ein á þeim tíunda og þrjár eftir aldamót.

Það má velta því fyrir sér hvers vegna ekki skuli fleiri þessara verka hafa verið þýdd á íslensku. Annars vegar rímar það illa við þá ímynd sem Íslendingar vilja halda á lofti um bókmenntaáhuga þjóðarinnar. Hins vegar er á það að líta að þýðingar á slíkum verkum krefjast bæði fjármagns og hæfra þýðenda. Ekki skal hér lagt mat á hvort ræður meiru kostnaður eða skortur á hæfileikafólki. En markaðurinn virðist móttækilegur sé tekið mið af gengi nýjustu verðlaunabókarinnar, *Hreinsun*, eftir Sofi Oksanen, en hún var í 9. sæti yfir söluhæstu bækur ársins 2010 á Íslandi.²⁷

Önnur norræn verðlaun eru glæpasagnaverðlaunin Glerlykillinn,²⁸ sem veitt hafa verið af samtökunum Skandinavisk krim-

²⁶ „Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs“, <http://www.norden.org/is/nordurlandarad/verthlaun-northurlandaraths/bokmenntaverthlaunin> [sótt 29. desember 2010].

²⁷ „Uppsafnaður metsölulisti tímabilið 1. janúar – 26. desember 2010“, Rannsóknasetur verslunarinnar, Háskólinn á Bifröst, <http://www.rsv.is/pages/metsolulisti-boka/metsolulisti-boka/> [sótt 29. desember 2010].

²⁸ „Frederiksborg kommunes biblioteker“, <http://www.fkb.dk/voksne/bger/kriminalromaner/glasnglen> [sótt 30. desember 2010].

inallselskab frá árinu 1992. Nítján bækur hafa hlotið verðlaunin, tvær þeirra íslenskar, en af hinum sautján hafa átta verið þýddar á íslensku sem er næstum helmingur. Sjö þeirra eru sænskar, fimm norskar, fjórar danskar og ein finnsk.

Af verðlaunabókum sem að framan getur hefur mun herra hlutfall verið þýtt af glæpasögum en öðrum skáldverkum.²⁹ Ástæðunnar má ef til vill leita í framboði og eftirspurn á hverjum tíma. Sakamálasögur hafa lengi verið vinsæl bókmenntagrein í hinum enskumælandi heimi, en það er fyrst um og eftir 1990 að Skandinavarnar hasla sér völl á sviði þeirra fyrir alvöru og vekja athygli utan sinna heimalanda.³⁰ Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun, því helmingur þeirra átta verðlaunaglæpasagna sem þýddar hafa verið kom út á íslensku á árunum 1994 til 1999.

4. Lokaorð

Hér á undan hefur verið fjallað um skáldverk, sem hafa verið þýdd úr norðurlandamálum undanfarin 50 ár, með áherslu á það sem af er þessari öld og þau flokkuð. Einnig hefur verið reynt að skilgreina það sem hefur verið þýtt og væri áhugavert að kafa dýpra í það efni sem og að skoða það sem ekki hefur verið þýtt. Þetta er einungis fyrsta skref í langtímaverkefni sem snýr að því að skoða sögu þýðinga úr norðurlandamálum á íslensku.

Útgefnum bókatitlum á Íslandi hefur fjölgað ár frá ári³¹ en ekki er gerð grein fyrir því hér hvar fjölgunin kemur helst fram; í þýðingum á erlendum verkum, frumsömdum íslenskum, fræðibókum, ævisögum eða enn öðrum tegundum bóka. Í heild fjölgar þýddum skáldverkum á tímabilinu 2000 til 2010, þótt

²⁹ Hér má geta þess að bók Kerstin Ekman, *Atburðir við vatn*, var bæði tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og Glerlykilsins 1994, og hlaut þau fyrrnefndu. („Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs“, <http://www.norden.org/is/nordurlandarad/verthlaun-northurlandaraths/bokmenntaverthlaunin> [sótt 29. desember 2010] og „Kochs krimier“, <http://www.kochskrimier.dk/oversigter/glasnoeglevindere.htm> [sótt 30. desember 2010]).

³⁰ Áður hefur verið minnst á þátt Svianna Sjöwall og Wahlöö, sem nær aftur til 1975 (sbr. bls. 147).

³¹ Sjá töflu 1, bls. 135.

sveiflur séu milli ára,³² en meðaltalið er 62,7 bækur eins og áður hefur komið fram.

Athyglisvert er að þegar tímabilið 2000 til 2010 er skoðað í heild sinni er samanlagður fjöldi bóka úr þremur flokkum nokkurn veginn jafnstór. Þar er um að ræða öll frumsamin íslensk skáldverk á tímabilinu, öll þýdd skáldverk sem getið er í *Bókatiðindum* og loks Rauðu seríuna. Í þessu samhengi má líka benda á að árið 2010 voru þýddar samtals 77 bækur úr sænsku og ensku (Sandemo og Rauða serían) sem flokkaðar eru sem afþreying og sjaldnast sýnd mikil virðing. En útgáfan þrífst og því virðist markaður vera drjúgur fyrir skáldskap af þessu tagi.

Þegar litið er til árána 2000 til 2010 var árlegt meðaltal skáldverka þýddra úr norðurlandamálum 11,7. Fjöldinn sveiflaðist frá sjö og upp í sextán en árið 2010 voru þau 24, sem er 35% allra þýddra skáldverka það árið. Lægst var hlutfallið 13% árið 2008, en þá voru þýddar 11 bækur. Hér eru talin þau skáldverk sem getið er í *Bókatiðindum* hvers árs en hver titill er aðeins talinn einu sinni, þ.e. endurútgáfur í kilju eru undanskildar.³³ Til að athuga þróun yfir lengri tíma var ákveðið að skoða skáldverk þýdd úr norðurlandamálum síðustu fimmtíu ár, 1960 til 2010, með því að taka stikkprufur fimmta hvert ár. Á þessu tímabili hefur fjöldi þýddra skáldverka úr norðurlandamálum verið æði sveiflukenndur, hann er lægstur árin 1960 og 1975, aðeins fjögur verk hvort ár. Árið 1980 nær fjöldinn 20, en sveiflast frá 10 til 16 eftir það fram til 2010, en þá er metfjöldi náð, 24 verk. Séu hins vegar bókaflokkar³⁴ teknir með breytast tölurnar frá 1980 og 1985 í 27, 1990 í 19 og 2010 í 41, líkt og sýnt er á mynd 5 og í töflu 4. Að meðaltali komu út 12,7 titlar á hverju þessara ára, eða einum fleiri en að meðaltali 2000 til 2010.

Rannsóknin yfir þetta fimmtíu ára tímabil, leiðir í ljós að fjöldi þýddra bóka úr norðurlandamálum sveiflast frá 4 og upp í 24 árlega. Þar er ekki hægt að greina hreina þróun. Hlutur fagurbókmennta³⁵ í þýðingum úr norðurlandamálum sveiflast frá einni bók og upp í tólf, að meðaltali 5,4 bækur á ári. Hlutfallið er lægst árið

³² Fjöldi þýddra skáldverka sveiflast frá 36 til 85, sbr. töflu 2, bls. 135.

³³ Eins og áður er getið eru bækur eftir Margit Sandemo ekki með í þessari tölu.

³⁴ Bækur úr bókaflokknum um Morgan Kane 1980 og 1990 annars vegar og bækur Margit Sandemo frá 2010 hins vegar, alls 27 titlar.

³⁵ Enn sem fyrr er hugtakið „fagurbókmenntir“ skilgreint eftir efnistöfum sbr. bls. 142.

1980, eða 15%, hæst fer það árið 2000, eða 80%. Ekki er hægt að greina hneigð eða reglu í fjölda eða hlutfalli frá ári til árs eða yfir tímabilið í heild. Í þessum flokki lenda bækur sem teljast til sígildra verka eða þykja markverðar af öðrum ástæðum. Þar eru með taldar bækur sem hlotið hafa Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og vekur athygli hversu fáar þær eru.

Ástarsögur voru áberandi þáttur í útgáfu bóka sem þýddar voru úr norðurlandamálum 1980 til 1995. Fyrir þann tíma virðast þær hafa verið ein til þrjár árlega og álíka margar fyrstu árin á eftir, en hverfa nánast eftir það. Þeim markaði er vísast sinnt á öðrum vettvangi nú.

Sakamálasögur eða glæpasögur komust varla á blað fyrr en eftir árið 2000 en hafa verið vaxandi þáttur frá 2007 og aldrei fleiri en árið 2010.

Athygli vekur einnig hversu margar bækur hafa verið þýddar úr sænsku síðan árið 2000, eða 69 af 129 bókum þýddum úr norðurlandamálum. Enn stærri verður hlutur sænskunnar ef bækur Sandemo eru taldar með, en hún ein á 60 titla á íslenskum bóka-markaði frá þessu tímabili. Það samsvarar samanlögðum fjölda þýðinga úr öllum hinum norðurlandamálunum.

Eftir þessa yfirferð væri óneitanlega forvitnilegt að bera saman það sem þýtt er og það sem kemur út frumsamið ár hvert og hvort samhljómur sé þar á milli. Það býður betri tíma en þess má geta að spennusögum frumsömdum á íslensku hefur fjölgað í takt við samþærilegar sögur sem þýddar hafa verið úr norrænum málum og raunar fleiri tungumálum. Ef til vill má hugsa sér víðari skírskotun en eingöngu til bóka. Fleiri miðlar gera sér mat úr skáldskap eins og t.d. kvikmyndir og sjónvarpsþættir og þá miðlun er eðli málsins samkvæmt mun auðveldara að nálgast en bækur þó vissulega megi nú orðið hala niður bókum af netinu.

Hér má að lokum minna á að það skiptir máli hvers konar verk eru valin til þýðingar. skáldverk sem krefja þýðanda um flutning hugsunar milli menningarheima, nýsköpun í hugtökum og orðaforða hljóta að vera örþjóð eins og Íslendingum mikilvæg engu síður en á tímum Jóns á Bægisá og Sveinbjarnar Egilssonar.

ÚTDRÁTTUR

Þýðingar úr norðurlandamálum
Þýdd skáldverk á íslensku frá 1960 til 2010

Árlega kemur út fjöldi bóka á íslensku, bæði frumsamdar og þýddar. Í þessari grein verður fjallað um þýðingar á skáldverkum úr norðurlandamálum á íslensku á 50 ára tímabili með hliðsjón af fjölda frumsaminnna skáldverka á íslensku og heildarfjölda þýðinga á skáldverkum á ári hverju.

Rannsóknin tekur annars vegar til tímabilsins 2000 til 2010, að báðum árum meðtöldum, þegar 11,7 norræn verk voru þýdd á ári að meðaltali og hins vegar er stiklað á fimmta hverju ári frá 1960 til 1990, en þá var meðaltalið 12,7 verk.

Leitast er við að flokka þýddu skáldverkin eftir frummáli og inntaki, og draga fram það sem einkennt hefur hvern hluta tímabilsins. Fjöldi og inntak þýddra skáldverka úr norðurlandamálum hefur einkennst af sveiflum og erfitt er að greina ákveðin mynstur. Þó má sjá að ástarsögur hafa átt sinn blómatíma og bókaflokkar svo sem Ísfólkið sett sinn svip á tímabilið og síðustu ár hefur spennusögum/glæpasögum þýddum úr norðurlandamálum fjölgað mjög. Hlutfall þýddra fagurbókmennta hefur einnig verið æði sveiflukennt, jafnvel miklar sviptingar á milli ára. Einnig hefur það breyst úr hvaða málum þýtt er, mest hefur verið þýtt úr sænsku síðasta áratuginn, en áður voru danskar bækur mest áberandi.

ABSTRACT

Fifty Years of Literary Translations from
Nordic Languages into Icelandic

Every year a great number of books are published in Icelandic, original titles in Icelandic as well as translations. The purpose of this article is to take a close look on literary translations from Danish, Norwegian, Swedish, Finnish and Faroese into Icelandic, taking into account genre and the ratio of translations from each of these languages. This data will also be compared to the number of

other literary publications, written in Icelandic or translated from other languages.

In order to see if there are any changes in what kind of books are translated and from which languages data has been collected for each of the years 2000–2010 as well as for the years 1960, 1965, 1970, 1975, 1980, 1985, 1990 and 1995.

The translated novels were categorised by content and original language to see if there was a pattern to what is translated and from which language. The results indicate that although it is hard to find a pattern each period has its characteristics.